

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi, 1. áfangi Hellnahrauns, Steinhellu 17, Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð í Hafnarfirði á fundi sínum þann 28. mars 2006 breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina Steinhellu 17, í Hafnarfirði. Breytingin felst í að byggingarreit á lóð er skipt í tvo byggingareiti og heimild gefin fyrir millilofti á hluta byggingarreits. Kvöð um akstur á lóð.

Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F. h. umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar, 9. maí 2006,

Anna Sofia Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 22. maí 2006